

Jeratún ehf.

Ársreikningur

2009

Jeratún ehf.
Grundargötu 30
350 Grundarfjörður
kt. 501203-2030

Jeratún ehf.

Ársreikningur

2009

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um breytingar á eigin fé	8
Skýringar	9-17

Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Jeratúni ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jeratúns ehf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunaraðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu númer 14 með ársreikningnum sem inniheldur viðeigandi lýsingu á óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins og þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til þannig að áframhaldandi rekstrarhæfi sé tryggt.

Grundarfirði, 26. mars 2010

Deloitte hf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Jeratúns er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögum verðbréfamarkaði.

Tap Jeratúns ehf. á árinu 2009 nam kr. 38.019.860. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 468.871.559, eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 61.457.429 og er eiginfjárhlutfall félagsins neikvætt um 13,11%.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 4 eins og í upphafi árs. Hlutfé í Jeratúni ehf. er kr. 102.500.000.- sem skiptist þannig:

Stykkishólmsbær kr. 27.676.590.

Grundarfjarðarbær kr. 28.699.393.

Snæfellsbær kr. 45.097.788.

Helgafellssveit kr. 1.026.229.

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði flutt til næsta árs.

Að álitum stjórnar Jeratúns ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Jeratúns ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 26. mars 2010

Í stjórn

Ásgeir Valdimarsson
Stjórnarformaður

Kristinn Jónasson

Erla Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur		39.189.436	34.714.076
Annar rekstrarkostnaður		(4.464.952)	(5.656.453)
Afskriftir	8	(4.785.649)	(4.766.391)
Rekstrarhagnaður (tap)		29.938.835	24.291.232
Fjármunatekjur	5	194.344	944.769
Fjármagnsgjöld	6	(68.153.039)	(99.593.201)
Tap ársins		(38.019.860)	(74.357.200)

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	454.664.668	459.450.317
		<u>454.664.668</u>	<u>459.450.317</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	9	15.564	6.414
Handbært fé	9	14.191.327	3.630.664
		<u>14.206.891</u>	<u>3.637.078</u>
Eignir		<u><u>468.871.559</u></u>	<u><u>463.087.395</u></u>

31. desember 2009

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
Eigið fé	10		
Hlutfé		102.500.000	64.500.000
Ójafnað tap		(163.957.269)	(125.937.409)
Eigið fé		<u>(61.457.269)</u>	<u>(61.437.409)</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	11	482.282.783	477.151.896
		<u>482.282.783</u>	<u>477.151.896</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	522.204	1.174.389
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	36.877.788	35.658.000
Aðrar skammtímaskuldir	12	10.646.053	10.540.519
		<u>48.046.045</u>	<u>47.372.908</u>
Skuldir		<u>530.328.828</u>	<u>524.524.804</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>468.871.559</u></u>	<u><u>463.087.395</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		29.938.835	24.291.232
Afskriftir		4.785.649	4.766.391
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>34.724.484</u>	<u>29.057.623</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun		(9.150)	4.186.794
Rekstartengdar skuldir, (lækkun)		(785.782)	(2.426.605)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>33.929.552</u>	<u>30.817.812</u>
Innborgaðir vextir		194.344	944.769
Greiddir vextir		(25.660.058)	(25.770.573)
Handbært fé frá rekstri		<u>8.463.838</u>	<u>5.992.008</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	8	0	(3.301.400)
		<u>0</u>	<u>(3.301.400)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(35.903.175)	(31.182.858)
Innborgað hlutafé	10	38.000.000	32.000.000
		<u>2.096.825</u>	<u>817.142</u>
Hækkun handbærs fjár		10.560.663	3.507.750
Handbært fé í upphafi árs		<u>3.630.664</u>	<u>122.914</u>
Handbært fé í lok árs		<u>14.191.327</u>	<u>3.630.664</u>

Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1 2008.....	32.500.000	(51.580.210)	(19.080.210)
Tap ársins.....	0	(74.357.200)	(74.357.200)
Aukning hlutfjár.....	32.000.000	0	32.000.000
Eigið fé 31.12.2008	64.500.000	(125.937.410)	(61.437.410)
Tap ársins.....	0	(38.019.860)	(38.019.860)
Aukning hlutfjár.....	38.000.000	0	38.000.000
Eigið fé 31.12.2009 IFRS.....	102.500.000	(163.957.270)	(61.457.270)

Skýringar

1. Starfsemi

Jeratún ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Jeratún ehf. á og leigir út skólahúsnæðið að Grundargötu 44.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

IFRS 2 (endurbættur) - *Eignarhlutatengd greiðsla* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar). Endurbæturnar skýra betur skilgreininguna á aðstæðum sem tengjast ávinnslu réttinda (e. vesting conditions) og reikningshaldslegri meðferð á afturköllun mótaðila á samningi vegna eignarhlutatengdrar greiðslu.

IFRS 7 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Skýringar* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar). Endurbæturnar hafa í för með sér auknar kröfur um skýringar vegna mats á gangvirði í efnahagsreikningi, kynnt er þriggja þrepa skipting á gangvirði. Auknar kröfur eru gerðar vegna skýringa um lausafjárhættu.

IFRS 8 - *Starfsþáttir* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar). Staðallinn mælir fyrir um að félög skuli birta upplýsingar í starfsþáttayfirliti sem gera lesendum reikningsskila kleift að meta eðli og fjárhagsleg áhrif af starfsemi viðkomandi félags og því efnahagslega umhverfi sem það starfar í. Áhersla er lögð á að draga fram þau gögn og þær upplýsingar sem stjórnendur félagsins byggja ákvarðanir sínar á. IFRS 8 leysir af hólmi IAS 14 - *Starfsþáttarskýringar*.

IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningsskila* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar). Helstu breytingarnar á staðlinum eru þær að öll félög skulu birta yfirlit um heildarafkomu (e. comprehensive income). Með heildarafkomu er átt við allar hreyfingar á eigin fé, aðrar en þær hreyfingar sem tengjast hluthöfum. Heimilt er að setja fram yfirlit um heildarafkomu á tvo vegu. Annars vegar að bæta viðeigandi eiginfjárhreyfingum við hefðbundinn rekstrarreikning og draga þannig fram heildarafkomu, hins vegar að birta yfirlit um heildarafkomu í sérstöku töluyfirliti til viðbótar við hefðbundinn rekstrarreikning.

IAS 23 (endurbættur) - *Fjármagnskostnaður* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar). Samkvæmt endurbótum á þessum staðli er ekki lengur heimilt að gjaldfæra fjármagnskostnað sem tengist kaupum, byggingu eða framleiðslu á eignfærsluhæfri eign. Félögum er skylt að eignfæra slíkan kostnað. Allan annan fjármagnskostnað skal gjaldfæra.

IAS 32 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Framsetning* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar). Endurbæturnar snúa að flokkun fjármálagerninga með sölurétti (e. puttable financial instruments) og skuldbindingum sem myndast þegar félagi er slitið.

IFRIC 13 - *Trygðarkerfi viðskiptavina* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2008 eða síðar). Umfjöllunarefni þessarar túlkunar er reikningshaldsleg meðferð á vildarkjörum sem félög veita viðskiptavinum sínum vegna sölu á vöru og þjónustu. Vildarkjörin sem viðskiptavinur hlýtur af sölnunni skal færa sem aðgreindan hluta sölnnar og tekjum frestað þangað til viðskiptavinur nýtir vildarkjörin. Algeng dæmi um þetta eru trygðarkerfi flugfélaga og hótela.

IFRIC 15 - *Samningar um byggingu fasteigna* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar). Umfjöllunarefni þessarar túlkunar er meðferð á tekjum og gjöldum þegar félög standa sjálf fyrir byggingu fasteigna eða með aðstoð undirverktaka. Veittar eru nánari leiðbeiningar varðandi tvö atriði, annars vegar hvort samningur um byggingu fasteignar falli undir IAS 11 eða IAS 18 og hins vegar um tímasetningu tekjufærslu vegna byggingu fasteignar.

Skýringar

3. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

IFRIC 16 - *Áhættuvörn vegna breinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. október 2008 eða síðar). Þessi túlkun tekur helst á þremur atriðum. Í fyrsta lagi má móðurfélag eingöngu beita áhættuvarnarreikningsskilum vegna gjaldmiðlaáhættu sem verður til milli starfrækslugjaldmiðils móðurfélagsins og erlendu starfseminnar. Í öðru lagi má áhættuvörn vera innan hvaða félags sem er innan samstæðunnar fyrir utan það félag sem áhættuvörnin snýr að, það er erlendu starfseminni. Í þriðja lagi skal beita IAS 39 þegar erlend starfsemi er seld eða aflögð til að ákvarða þá fjárhæð, vegna áhættuvarnarinnar, sem færast af þýðingarmun á meðal eigin fjár yfir í rekstrarreikning. Það skal beita IAS 21 um áhættuvörðu fjáreignina.

Minniháttar breytingar voru gerðar á ýmsum stöðlum vegna árlegra endurbóta Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (flestar breytinganna taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar).

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi nýir eða endurbættir staðlar og túlkanir verið samþykktir, en ekki tekið gildi:

IFRS 1 (endurbættur) - *Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),

IFRS 2 (endurbættur) - *Eignarhlutatengd greiðsla* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar),

IFRS 3 (endurbættur) - *Sameining félaga* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),

IFRS 9 - *Fjármálagerningar* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar),

IAS 24 - *Upplýsingar um tengda aðila* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar),

IAS 27 (endurbættur) - *Samstæðureikningskil og aðgreind reikningskil* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),

IAS 32 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Framsetning* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar),

IAS 39 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),

IFRIC 14 (endurbætt) - *Takmörkun á réttindatengdum eignum, kvæðir um lágmarksfjármögnun og samþil þeirra* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),

IFRIC 17 - *Úthlutun eigna til hluthafa, í öðru en reidufé* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),

IFRIC 18 - *Yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),

IFRIC 19 - *Greiðsla skulda með eiginfjárgerningum* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar),

Stjórnendur gera ráð fyrir að almennt muni innleiðing ofangreindra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

4. Reikningsskilaaðferðir

4.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

4.2 Grundvöllur reikningskila

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Skýringar

4. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

4.3 Tekjur

Leigutekjur

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

4.4 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

4.5 Tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarþær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

4.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að fráðregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

4.7 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fer samstæðan yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að fráðregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem herra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Skýringar

4. Reikningskilaaðferðir (framhald)

4.7 Virðisrýrnun

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkinin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á varanlega rekstrarfjármuni sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

5. Fjármunatekjur

	2009	2008
Vaxtatekjur af bankareikningum	129.040	63.339
Aðrar vaxtatekjur	65.304	881.430
	<u>194.344</u>	<u>944.769</u>

6. Fjármagnsgjöld

	2009	2008
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(463.102)	(1.610.236)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(67.489.824)	(97.071.749)
Önnur vaxtagjöld	(200.113)	(911.216)
	<u>(68.153.039)</u>	<u>(99.593.201)</u>

7. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2010 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	
Kostnaðarverð		
Staða 1. janúar 2008.....	475.263.383	
Eignfært á árinu.....	3.301.400	
Staða 31. desember 2008.....	478.564.783	
Staða 1. janúar 2009.....	478.564.783	
Eignfært á árinu.....	0	
Staða 31. desember 2009.....	478.564.783	
Afskriftir		
Staða 1. janúar 2008.....	14.348.075	
Afskrift ársins.....	4.766.391	
Staða 31. desember 2008.....	19.114.466	
Staða 1. janúar 2009.....	19.114.466	
Afskrift ársins.....	4.785.649	
Staða 31. desember 2009.....	23.900.115	
Bókfært verð		
Bókfært verð 31. desember 2008.....	459.450.317	
Bókfært verð 31. desember 2009.....	454.664.668	
Afskriftarhlutföll.....		1%
	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	180.400.000	613.500.000

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 454 milljónum króna og eftirstöðvar áhvilandi lána nema 519 milljónum króna.

Skýringar

9. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2009	31.12.2008
Fjármagnstekjuskattur	15.564	6.414
	<u>15.564</u>	<u>6.414</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2009	31.12.2008
Bankainnstæður í íslenskum krónum	14.191.327	3.630.664
	<u>14.191.327</u>	<u>3.630.664</u>

10. Hlutfé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	102.500.000	100,0%	102.500.000

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

11. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2009	31.12.2008
Skuldir í ISK	519.160.571	512.809.896
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(36.877.788)	(35.658.000)
Langtímaskuldir í árslok	<u>482.282.783</u>	<u>477.151.896</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir	36.877.788
Afborganir 2011	36.877.788
Afborganir 2012	36.877.788
Afborganir 2013	36.877.788
Afborganir 2014	36.877.788
Afborganir síðar	<u>334.771.631</u>
	<u>519.160.571</u>

Skýringar

12. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2009	31.12.2008
Innlendar viðskiptaskuldir	522.204	1.174.389
	<u>522.204</u>	<u>1.174.389</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2009	31.12.2008
Virðisaukaskattur	1.649.708	1.783.305
Ógreiddir áfallnir vextir	8.996.345	8.757.214
	<u>10.646.053</u>	<u>10.540.519</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2009	31.12.2008
Skuldir við lánastofnanir	36.877.788	35.658.000
	<u>36.877.788</u>	<u>35.658.000</u>

13. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

13.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2009	31.12.2008
Handbært fé	14.191.327	3.630.664
Lán og kröfur	15.564	6.414
Fjárskuldir	31.12.2009	31.12.2008
Fjárskuldir	530.328.828	524.524.804

13.2 Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta og lausafjáraáhætta.

13.3 Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	31.12.2009	31.12.2008
Aðrar kröfur	15.564	6.414
Handbært fé	14.191.327	3.630.664
	<u>14.206.891</u>	<u>3.637.078</u>

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

Skýringar

13. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

13.4 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíðinni.

Skuldir 31.12.2009	Innan			Samtals
	eins árs	2011	2012+	
Óvaxtaberandi	11.168.257	0	0	11.168.257
Með föstum vöxtum	36.877.788	36.877.788	445.404.995	519.160.571
	48.046.045	36.877.788	445.404.995	530.328.828
Eignir 31.12.2009				
Með fljótandi vöxtum	14.206.891	0	0	14.206.891
	14.206.891	0	0	14.206.891
Hrein staða 31.12.2009	-33.839.154	-36.877.788	-445.404.995	-516.121.937

Innan

14. Rekstrarhæfi

Tap félagsins á árinu 2009 var um 39 millj.kr. og er eigið fé félagsins neikvætt um rúmar 61,5 milljónir króna í árslok 2009, þrátt fyrir 38 milljón króna hlutafjárukningu á árinu. Sökum bágrar fjárhagsstöðu félagsins er ljóst að áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins byggir á því að unnt sé annaðhvort að bæta rekstrarafkomu eða að eigendur félagsins leggi fram viðbótarhlutafé. Leigutekjur Jeratúns, sem greiddar eru af ríki og þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri Jeratúns standa ekki undir skuldbindingum Jeratúns ehf. en í ársreikningi félagsins er skráning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðuð við áframhaldandi starfsemi. Af þessum ástæðum er óvissa um rekstrarhæfi félagsins, nema að unnt sé að afla eigin fjár.

15. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi	2009	2008	2007
Arðsemi			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	34.724.484	29.057.623	27.922.936
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	0,89	0,84	0,9
b) Hagnaðarhlutfall	(0,97)	(2,14)	(0,89)
a) EBITDA/rekstrartekjur		b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur	
Úr efnahagsreikningi	31.12.2009	31.12.2008	31.12.2007
Nýting fjármagns			
c) Veltuhraði eigna	0,08	0,07	0,07
c) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna			
Greiðsluhæfi			
d) Lausafjárahlutfall	0,30	0,08	0,10
e) Veltufjárahlutfall	0,30	0,08	0,10
d) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		e) Veltufjármunir/skammtímaskuldir	

Skýringar

15. Kennitölur (framhald)

Fjárhagslegur styrkur				
f) Eiginfjárhlutfall		-13,11%	-13,27%	-4,10%
g) Innra virði hlutfjár		(0,60)	(0,95)	(0,59)
f) Eigið fé/heildarfjármagn	g) Eigið fé/hlutfé			
Úr sjóðstreymi ársins		2009	2008	2007
h) Skuldaþekja handbærs fjár		0,02	0,01	(0,01)
i) Gæði sölunnar		1,00	1,12	1,17
j) Gæði afkomu		(0,22)	(0,08)	0,14
k) Gæði rekstrarhagnaðar		0,28	0,25	(0,17)
h) Handbært fé frá rekstri/skuldir	j) Handbært fé frá rekstri/hagnaður			
i) Innborgaðar tekjur/bókfærðar tekjur	k) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður			

Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2009	2008	Breyting
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur	11,39%	16,29%	-4,90%
Afskriftir/rekstrartekjur	12,21%	13,73%	-1,52%
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	23,60%	30,02%	-6,42%

16. Sjóðstreymisfirlit

	2009	2008	2007	2006	2005
Hagnaður (tap) ársins.....	(38.019.860)	(74.357.200)	(27.530.709)	(31.892.404)	7.293.333
Afskriftir.....	4.785.649	4.766.391	4.749.801	4.581.189	4.116.893
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	42.253.850	73.289.341	26.404.121	31.331.523	13.981.385
Aðrar breytingar.....	0	0	0	(1.721.613)	1.721.613
Hreint veltufé frá rekstri	9.019.639	3.698.532	3.623.213	2.298.695	27.113.224
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(9.150)	4.186.794	5.373.967	(787.823)	12.308.195
Rekstrartengdum skuldum.....	(546.651)	(1.893.318)	(12.861.504)	20.779.937	(57.550.320)
Handbært fé frá rekstri	8.463.838	5.992.008	(3.864.324)	22.290.809	(18.128.901)

17. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 26. mars 2010.